



Umhverfisnefnd
 Alþingi
 Austurstræti 8-10
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. febrúar 2004

Efni: Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008

Tilv: 2004020003

Við er í bréf umhverfisnefndar Alþingis dags. 5. febrúar sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreinda tillögu til þingsályktunar, og vilja samtökin koma eftirfarandi á framfæri við nefndina.

Þegar um jafn stórfelld áform er að ræða eins og fram kemur í tillögunni, ásamt því að slíkum aðgerðum er ætlað viðtækt hlutverk við náttúruvernd, þá verður að vera ljóst, að um raunverulega þörf sé að ræða, en ekki hömlur sem fyrst og fremst takmarka eðlileg landnot en varða litlu raunverulega verndun.

Í þingsályktuninni segir m.a. að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi gert tillögu um “friðlýsingu 77 svæða, sem ætti að tryggja verndun þeirra tegunda fugla og plantna sem helst eru verndar þurfi á landinu, verndun helstu flokka jarðminja, mikilvægustu birkiskóga landsins og mikilvægra vatnasvæða.”


Í tillögunni um friðlýsingu kemur ekki fram með ótvíræðum hætti, að þau atriði sem tilgreind eru í upptalningu NÍ séu í einhverri yfirvofandi hættu á tilgreindum svæðum. Er friðlýsing svæðanna raunverulega nauðsynleg? Er ekki nær að grípa til sértækra aðgerða, þegar og þar sem hættu er á ferðum? Er almenn vöktun ekki nægjanlega skilvirk? Sýna þarf fram á raunverulega þörf fyrir ofangreindri friðlýsingu á hverju svæði fyrir sig áður en til slíkra aðgerða kemur.

Þegar til stendur að friðlýsa svo stór og samfelld landssvæði, er það undirstöðuatriði að óskir heimamanna á hverju svæði komi fram, þ.e.a.s. íbúanna sjálfra. Við friðlýsingu má það heldur ekki gerast, að um leið séu friðlýst uppeldissvæði fyrir varg, þ.e. vargfugl, ref og mink, sem raska lífríkinu og spilla hlunnindanyttjum. Þá mega friðunaraðgerðir ekki leiða til takmörkunar á hefðbundnum beitarréttinum á svæðum þar sem gróðurfar er alls ekki í hættu. Það gengur heldur ekki, að hægt sé að takmarka eignarrétt manna undir því yfirvarpi að rannsaka þurfi eða taka skuli sérstaklega út jafnvel smávægilegar framkvæmdir innan svæðanna, en slíkt býður friðlýsingin upp á. Oft er erfitt að sjá fyrir hvernig landnotkun muni breytast; því er almenn vöktun og skipulag vænlegri kostur heldur en viðtækur rammi friðlýsingar.

Það er lágmarkskrafa að fyrir liggi samþykki allra sem málið varðar, áður en til friðlýsingar á samfelldum og stórum svæðum kemur, ekki einungis sveitarstjórna eða forsvarsmanna viðkomandi byggðarlaga. Reynslan sýnir, að þrátt fyrir ákvæði um að eðlileg atvinnustarfsemi eigi að geta farið fram innan ákveðinna marka á friðlýstum svæðum, er reyndin oft önnur. Því eru landeigendur almennt mjög á verði gagnvart friðlýsingu, þar sem ekki hefur komið fram, að náttúrufríbærri séu í hættu.

Bændasamtökin leggja ríka áherslu á náð samráð við landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Samtökin hafna því alls ekki, að friðlýsing afmarkaðra svæða geti verið nauðsynleg, en draga í efa réttmæti þess að samþykkja jafn víðtæka ályktun um friðlýsingu og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurgeir Þorgeirsson', written in a cursive style.

Sigurgeir Þorgeirsson